

2. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 1. gr. skulu umreiknuð til samræmis við þá bygginga-visitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. grein skal greitt með 5 jöfnum greiðslum í fyrsta skipti hinn 1. ágúst það ár. sem lagning fer fram og síðan 1. ágúst ár hvert, næstu 4 árin, síðustu greiðslu þarf þó ekki að inna af hendi, fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu með gangstétt.

4. gr.

Vextir af lánnum vegna gatnagerðargjalds skv. 3. grein, skulu vera hinir sömu og almennir vextir Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Verði dráttur á endanlegum frágangi sbr. 3. grein, má eigi reikna vexti af síðustu greiðslu nema eitt ár, eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla næstu fimm ár eftir 1. gjalddaga. Tekur þessi kvöð einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjald skv. reglugerð þessari lögtaki, skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnfnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.****Aðgangseyrir:**

| | | |
|---|-----|-------|
| Fullorðnir, einstakir miðar | kr. | 180 |
| Börn | — | 70 |
| Forsala: 10 miðar, fullorðnir | — | 1 300 |
| Forsala: 10 miðar, börn | — | 400 |
| Leiga á sundskýlum, bolum, handklæðum | — | 150 |
| Gufubað | — | 350 |
| Sérklefi | — | 250 |

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 264 30. júní 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.